








Tákn og merki sem gott er að þekkja






Tannhjól:

Hér er hægt að gera stillingar á forritinu.




Plús:

Hér er hægt að bæta einhverju við, búa til nýtt efni (sögu, töflu, færslu...).




Blað með penna:

Hér er hægt að kalla fram lyklaborð til að skrifa texta. Merkir líka oft að búa til nýtt, t.d. nýja færslu.



Stafir (t.d. T eða A):

Hér er hægt að kalla fram lyklaborð til að skrifa texta.




Myndavél:

Hér er hægt að setja inn mynd - annað hvort úr myndasafni eða með því að kalla fram myndavél.



Myndavél með hringör:

Hér er hægt að snúa myndavélinni við svo hún taki mynd af þeim sem heldur á spjaldtölvunni.



Hljóðnemi:

Hér er hægt að taka upp hljóð.



Ruslafata:


Hér er hægt að eyða efni.

Ath. að oft þarf að staðfesta eftir að ýtt hefur verið á ruslafötuna en ekki alltaf!



Hús:

Hér er hægt að komast aftur á upphafssíðuna.




Fjórir ferningar:

Hér er hægt að sjá efni forritsins í öðruvísi uppröðun, t.d. á lóðréttri tímalínu í staðinn fyrir dagatal.




Þrjár lágréttar línur:

Getur annars vegar verið merki fyrir að færa efni til, tekið er í línurnar og efnið fært með því að draga.



Getur hins vegar verið merki fyrir að kalla fram valmynd (menu).



Þrjú punktar:

Hér er hægt að kalla fram valmynd eða fleiri valmöguleika.



Ferningur með ör útúr:

Hér er hægt að að senda efni út úr forritinu, t.d. með tölvupósti, í gegnum Facebook eða Twitter.



Stækkunargler:

Hér er hægt að leita að efni í forritinu.



Spurningarmerki:

Hér er hægt að fá hjálp, finna svör við algengum spurningum eða fá upplýsingar um forritið.